# Hannes Jónsson og svar Bjarna Benediktssonar við bréfum Hannesar

Bjarni Benediktsson – Hannes Jónsson og svar Bjarna Benediktssonar við bréfum Hannesar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

, 20. apríl 1942.

Herra Hannes Jónsson,

Ásvallagötu 65.

Háttvirti herra !

Ég hefi athugað bréf yðar, dags. 20. apríl 1942. Að athuguðu málu þykir mér tiltækilegast, að þér sjálfur takið íbúðina en ráðstafið þá íbúðinni vestur frá, svo sem þér telduð yður bezt henta. Er mér tjáð, að stjórn Byggingarfélags verkamanna fallist að sínu leyti á þessa lausn og þyrftuð þér þá einungis að kynna yður afstöðu hinnar stjórnarinnar áður en í þetta væri ráðist.

Yðar einlægur,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Hannes Jónsson
Ásvallagötu 65.

Háttvirti herra!

Ég hefi athugað bréf yðar dags. 20. ap. 1942. Af athuguðu máli þykir mér tiltækilegast, að þér sjálfur takið íbúðina ~~og látið~~ en ráðstafið þá íbúðinni vestur frá, svo sem þér teljið yður best henta.

Er mér tjáð, að stjórn Byggingarfélags verkamanna fallist að sínu leyti á þessa lausn og hyggist þér þá einungis að kynna yður afstöðu hinnar stjórnarinnar áður en í þetta væri ráðist.

yðar einlægur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65,
Reykjavík 20/4 1942.

Herra
borgarstjóri Bjarni Benediktsson.

Er Byggingafélag verkamanna var stofnað gjörðist ég félagsmaður og hlaut nr. 100. Gat ég þess við formann þá, að ég gjörði þetta aðallega til að útvega elsta syni mínum rétt til íbúðarkaups, með því ég þá taldi hann of ungan til að gerast félagsmann, 18 ára, því tilskylið er að vera fjárráða, eða 21 árs.

S.l. sumar var mér boðinn kaupréttur á íbúð, sem ég notaði, skrifaði undir skuldbindingar og hefi greitt tilskylið framlag, eða sonur minn, en ég gat þess þá líka að ég ætlaði honum íbúðina og ætlaði að víkja númeri fyrir honum, en hann hefir nú gerst félagsmaður. Taldi formaður þetta eðlilegt, þar sem honum var kunnugt að ég hefi mjög litla íbúð, en börn mín ~~[illegible]~~ mörg, alltaf 9-11 heima, og því þröngt síðan þau stækkuðu. Var ætlun mín að elstu drengirnir 2-3 færu í íbúðina, en nokkur hluti hennar yrði leigður út til félagsmanns meðan sonur minn þyrfti ekki allrar íbúðarinnar. Er fyrir þessu fordæmi hér í félaginu og eins í Byggingafélagi verkamanna.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að vísu er í 10. gr. II kafla samþykkta félagsins ákveðið að ekki megi framleigja nema með samþykki félagsstjórnar, en þar er ekkert bann við að íbúðin megi standa auð. En þetta atriði hefir aðeins verið skilið þannig, að stjórnin ætti að gæta þess, að íbúðareigandi okraði ekki á því, sem hann ekki þyrfti að nota.

Nú á aðalfundi í gær gat formaður þess, að engum yrði seld íbúð nema hann notaði hana sjálfur að öllu eða mestu, og virtist bera það fyrir sig sjálfstæðismanninn Magnús Þorsteinsson. Eg mótmælti þessu, kvað mig hafa rétt til að vinna fyrir börn mín, og kvaðst mundi leita réttar míns með málssókn ef með þyrfti.

Eg vil nú biðja yður, herra borgarstjóri, að hlutast til um að mér verði ekki synjaður réttur, og að mér verði afhent íbúðin til handa syni mínum, sem eg hefi þörf fyrir og hann rétt.

Sú breyting varð á stjórn félagsins í gær að Sveinn Jónsson, Barónsstíg 20, kom inn í stjórnina. Gæti það e.t.v. orðið til þess að meiri samvinna yrði milli félagsins og bæjarstjórnarinnar hér eftir. Væri það æskilegt vegna byggingarmálanna.

Yðar einlægur
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur